

Fundargerð 348. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands 10. ágúst 2012

Árið 2012, föstudaginn 10. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu Gísli Gíslason og símasambandi voru Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Guðmundur Kristjánsson í forföllum Más Sveinsbjörnssonar.

Eyrún Ingibjög Sigþórsdóttir, Skúli Þórðarson og Steinþór Pétursson voru forfölluð vegna sumarleyfa.

Að auki sátu fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir, upplýsinga- og tæknifulltrúi sambandsins, og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Lögð fram þriðju drög að dagskrá hafnasambandsþings í Vestmannaeyjum 20. og 21. september nk.

Einnig lögð fram drög að skýrslu stjórnar 2010–2012 sem dreift verður á hafnasambandsþinginu.

Formaður lagði fram frumdrög að tillögum að ályktunum hafnasambandsþingsins, sem verða ræddar frekar á næsta fundi.

Farið var yfir drög að dagskrá hafnasambandsþingsins og gerðar á henni breytingar að ósk heimamanna í Vestmannaeyjum. Þingið mun hefjast kl. 13 fimmtudaginn 20. september og ljúka með kvöldverði föstudaginn 21. september. Þingfulltrúar geta því náð að sigla eða fljúga til Vestmannaeyja á fimmtudagsmorgni og frá Eyjum á laugardagsmorgni.

Samþykkt var að senda dagskrána út til aðildarhafnanna og jafnframt að hefja skráningu þingfulltrúa á heimasíðu hafnasambandsins að loknum fundi.

Næsti fundur var ákveðinn föstudaginn 31. ágúst kl. 11:00 í Borgartúni 30.

Fundi var slitið kl. 11:35.

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Örn Ólafsson

Guðmundur Kristjánsson

ritari